

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 171171. fundur umhverfis- og
skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 1. júní 2023
og hófst hann kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Hildigunnur Haraldsdóttir, Matthías Páll Gunnarsson og Valgerður Hlín Kristmannsdótti.

Fundargerð ritaði: Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

Hildigunnur Haraldsdóttir sat fundinn með fjarfundarbúnaði.

Dagskrá:

1. Lýsuhóll 136227 - Umsókn um framkvæmdarleyfi fyrir vindknúinni einkarafstöð - 2305040

Agnar Gestsson, landeigandi að Lýsuhóli, hyggst setja upp smávirkjun til þess að lækka raforkukostnað bæjarins og sækir því um framkvæmdarleyfi fyrir vindknúinni einkarafstöð. Rafstöðin yrði H-30 kW á 16 metra háum turni með væng í hæstu stöðu í 24,3 metra hæð.

Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar erindinu að svo stöddu þar sem að í gildandi aðalskipulagi er stefna sveitarfélagsins að reisa vindmyllugarða frekar en stakar vindmyllur.

Hafnað

2. Arnarstapi - Umsókn um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi - 2305039

Ágúst Haraldsson sækir fyrir hönd Fiskvinnslunnar Hátinds ehf. um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi á Arnarstapa á meðan á strandveiðum stendur.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið og felur tæknideild að finna staðsetningu í samráði við umsækjanda.

Samþykkt

3. Klettsbúð 9 - Fyrirspurn vegna fyrirhugaðrar stækkun hótels - 2305041

Þingvangur sendir inn tillögu að breytingu og stækkan á hoteli sem stendur við Klettsbúð 9 en til stendur að stækka hotelið um 84 herbergi. Hotelið mun stækka til norðurs með þriggja hæða byggingu sem stæði á óbyggðri lóð milli Klettsbúðar 7 og 9.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt i erindið en ganga þurfi frá deiliskipulagi. Nefndin óskar eftir því að fá frekari kynningu á verkefninu til dæmis varðandi efnisval, útlit og útsýni.

HL *1* *717*
MK *MSE*
MPC *Ht*

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Hallveig Hörn óskar eftir að bókað sé að hún sitji hjá.

Jákvætt

4. Gíslabær 136277 - Umsókn um leyfi fyrir niðurrifi á fiskverkunarhúsi - 2304037

Ásgeir Ingi Einarsson sækir fyrir hönd S356 ehf. um leyfi til að rífa niður fiskverkunarhús sem stendur á landi Gíslabæjar. Húsið er úr timbri og stendur illa en nágrönum getur stafað hætta af því.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkt erindið með fyrirvara um veð í húsinu. Í deiliskipulagi er heimild til enduruppbýggingar.

Samþykkt

5. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2023 - 2302015

- Hildigunnur Haraldsdóttir skipulagsfulltrúi fór yfir verkefni sem Umhverfisstofnun hefur fengið fjármagn til þess að láta deiliskipuleggja og ósk þeirra um að vinna deiliskipulögum í samráði við Snæfellsbæ.

- Byggingarfulltrúi kynnti uppfærðar teikningar fyrir Hábrekku 11, Ólafsvík.

- Mögulegar staðsetningar fyrir minni íbúðarhús á Hellissandi ræddar. Einnig var rætt framtíðarbyggingarland fyrir lítil fristundarhús.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00.

Ellugó Tern Jónasson
Magur Einarsdóttir
Hallveig Hörn
Kristjana Hermannsdóttir.
Hallðor Thórsson
Afræðar
Matthias Pöll Gunnarsson